

Umhirða áningarstaða

Uppbygging viðhaldsleiðbeininga



Inngangur

Viðhaldsleiðbeiningar eru verkfæri til að skipuleggja og halda utan um umhirðu og viðhald á áningarstöðum. Þær eru ætlaðar þeim sem sinna eftirliti og verklegum framkvæmdum við áningarstaði. Leiðbeiningarnar miða að því að uppfylla fyrirfram ákveðin markmið um útlit og gæði.

Uppbygging

Leiðbeiningarnar eru þannig upp byggðar að efst er nafn og númer viðkomandi umhirðuflokks, auk þess er ljósmynd af viðfangsefninu.

Undir yfirskriftinni “Eftirlit” eru tíunduð þau atriði sem eftirlitsaðili skal yfirfara og meta. Hægt er að skrá athugasemdir um ástand, t.d. þörf á lagfæringum á þar til gert úttektarblað. Tekin er fram sá fjöldi skipta sem eftirlits er þörf fyrir viðkomandi umhirðuflokk.

Undir yfirskriftinni “Verkefni” eru talin upp þau verkefni sem almennt skal útfæra fyrir viðkomandi umhirðuflokk.

Á hægri spássíðu blaðsins eru gluggar þar sem fram koma:

- Fjöldi þeirra skipta sem framkvæma skal verkin.
- Leyfð frávík frá uppgefnum kröfum, ef einhver eru.
- Það tímabil sem hentar best til að vinna viðkomandi verk.
- Sérstakar athugasemdir ef aðstæður gefa tilefni til.

Vinnuleiðbeiningarnar geta myndað hluta útboðsgagna við útboð umhirðuverka, ásamt öðrum lýsingum svæðis og ÍST – 30.

Umhirða áningarstaða

Uppbygging viðhaldsleiðbeininga

